

**5. stjórnarfundur Fimleikasambands Íslands haldinn þriðjudaginn 27. Mars kl 18:00 á skrifstofu FSÍ, Engjateigi 6.**

Mætir: Þorgerður Laufey Diðriksdóttir formaður, Arnar Ólafsson varaformaður, Firðbjörn Möller, gjaldkeri, Einar Ólafsson, ritari, Jósep Húnfjörð meðstjórnandi, Íris Svavarsdóttir formaður tækninefndar í hóp fimleikum, Axel Bragason formaður tækninefndar karla, Davíð Ingason verkefnastjóri í áhaldafimleikum, Sólveig Jónsdóttir verkefnastjóri í hóp fimleikum og Helgi Jóhannesson framkvæmdarstjóri FSÍ.

Formaður setur fundinn.

**DAGSKRÁ**

**1. samþykkt fundargerð**

Fundargerð 3 og 4 fundar samþykkt með örlitlum breytingum

**2. Formanna og framkvæmdarstjórafundur Norðurlanda, dagsett 19-20 apríl 2012 í Kaupmannahöfn.**

Formaður lagði dagskrá fundarins og tillögur sem liggja fyrir til afgreiðslu.

Í tillögu sem liggur frammi fyrir formanna og framkvæmdarstjórafundi Norðurlanda er áætlað að Norðurlandamót Juniora sem halda á á Íslandi í október 2012 verði breytt í U14 ára mót.

Tækninefnd karla hefur fjallað um málið og leggur til að fulltrúar FSÍ hafni þessari tillögu, en leggi til að Norðurlandamót Juniora verði haldið í síðasta skipti með óbreyttu aldurstakmörkum, Norðurlandamót Juniora karla 13 til 16 ára.

Tækninefnd karla leggur til að Norðurlandamót Juniora verði haldið daganna 6-7 október 2012 á Íslandi. Að öðru leiti leggur tækninefnd karla að fulltrúar FSÍ samþykki þær breytingar sem liggja fyrir á reglum um Norðurlandamót Seniora, Juniora og U14.

Tækninefnd karla leggur til að Axel Bragason verði fulltrúi FSÍ á norrænum samstarfsfundi um áhaldafimleika drengja undir 14 ára sem halda á í Greve 20. apríl 2012.

Tækninefnd í hóp fimleikum í Danmörku leggur fram tillögu fyrir formanna og framkvæmdastjóra fund Norðurlanda. Lagt er til að Norðurlandamót félagsliða seniora verði haldið í október eða nóvember annað hvort ár, á oddatölu ári. Norðurlandamót seniora landsliða verði haldið sama ár og EM er haldið..

Tækninefnd í hóp fimleikum hefur fjallað um þessa tillögu og leggur til að FSÍ samþykki tillögu Dana óbreytta

Málið rætt:

Samþykkt:

Formanni er falið að koma samþykktum FSÍ til skila á fundi.

Samþykkt að Axel Bragason verði fulltrúi FSÍ á norrænum samstarfsfundi um áhaldafimleika drengja undir 14 ára. Axel er falið að leggja fram skýrslu eftir fundinn til stjórnar FSÍ og upplýsa yfirþjálfara aðildafélaga sem hafa áhaldafimleika drengja á sínum snærum um gang mála og helstu breytingar sem framundan eru.

### **3. Ferðakostnaður fulltrúa FSÍ, s.s dómara, þjálfara, fararstjóra og fulltrúa í nefndum og ráðum, í utanlandsferðum á vegum sambandsins.**

Fimleikasamband Íslands hefur borgað fyrir fulltrúa sem fara á vegum sambandsins erlendis, ferðir gistingu og uppihald. Greitt er fyrir dómara, þjálfara og aðra þá fulltrúa sem hafa farið á vegum sambandsins í tilgreind verkefni sem hlotið hafa samþykki stjórnar. Uppihaldi hefur verið greitt samkvæmt reikningum sem lagðir eru fram við lok ferðar.

*Málið rætt:*

Bókun stjórnar: Ferðir fulltrúa FSÍ utanlands eru ávalt háðar samþykki stjórnar FSÍ. FSÍ greiðir ferða- og uppihaldskostnað fulltrúa FSÍ, s.s dómara, þjálfara og fararstjóra og annara þegar þeir vinna að verkefnum fyrir sambandið utanlands. Framkvæmdarstjóra falið að skoða hvort breyta eigi fyrirkomulagi um greiðslu á uppihaldi.

FSÍ á tvo fastafulltrúa í nefndum á vegum FIG og UEG. Kostnaður FSÍ af erlendu samstarfi vegna fastafulltrúa, er óverulegur.

Fyrir liggur samþykkt fyrri stjórnar um að greiða fyrir fulltrúa FSÍ í nefnd á vegum UEG, flug og ferðir á fundarstað. UEG greiðir dagpeninga sem eiga að dekkja gistingu og uppihald á meðan á fundi stendur. UEG greiðir ekki fyrir aukanaður eða auka daga sem hljóttast af legu landsins og flugferðum til og frá Íslandi.

FIG greiðir fyrir gistingu á fundum FIG og dagpeninga sem eiga að dekkja uppihald á fundartíma. FIG greiðir ekki fyrir gistingu né dagpeninga á þing FIG sem haldið er annað hvert ár, þann kostnað hefur fulltrúi í nefnd á vegum FIG borið einn. Fulltrúi FSÍ hefur borið kostnað af flugi á fundarstaði FIG, sem er út um allan heim. FSÍ hefur fengið þrjá frímiða á tveggja ára fresti til að borga fyrir ferðir fulltrúa FSÍ í FIG samstarfi, þessir frímiðar duga á áfangastaði Ícelandair.

Ljóst er að fulltrúi FSÍ í nefnd á vegum UEG á tvö ár eftir af kjörtímabili sínu. Kjörtímabili fulltrúa FSÍ í nefnd á vegum FIG rennur út í október á þessu ári og því er mikilvægt að taka afstöðu til þess hvort FSÍ bjóði fram fulltrúa og hvaða forsendur viðkomandi geti gengi út frá við skipulagningu á framboði. Birna Björnsdóttir fyrrum stjórnarkona FSÍ hefur lýst fyrir áhuga á að starfa áfram fyrir hönd FSÍ í nefnum á vegum FIG.

*Málið rætt:*

Frestað umræðu um breytingar á kostnaðarþátttöku FSÍ í erlendu samstarfi í nefnum á vegnum UEG og FIG.

#### **4. Norðurlandamót, seniora karla og Norðurlandamót, U14 drengja í Greve dagana 20-22 apríl 2012**

Stjórn hefur borist tilnefning frá tækninefnda karla í áhaldafimleikum vegna Norðurlandamóts U14 drengja sem halda á 20 apríl í Greve í Danmörku

*Samþykkt er tilnefning tækninefndar karla sem er svohljóðandi:*

Keppendur: Adam Elí Inguson Arnaldsson, Aron Freyr Axelsson, Daníel Orri Ómarsson, Egill Gunnar Kristjánsson, Stefán Ingvarsson og Tristan Alex Kamban Jónsson.

Til vara: Bjarni Geir H Halldórsson, Tjörvi Þórhallsson, Arnþór Daði Jónasson, Guðjón Bjarki Hildarson og Bjarki Snær Smárason.

Á 3. fundi sem haldinn var 13 mars var samþykkt að greiða fyrir einn þjálfara með U14. Með vísan í samþykkt þess efnis að Axel Bragason verður fulltrúi FSÍ á norrænum samstarfsfundi um áhaldafimleika drengja undir 14 ára sem halda á í Greve 20 apríl nk. Samþykkir stjórn að greiða 50 % með þjálfara, Vladimir Zaitsev, og 100% með þjálfara, Axel Bragasyni, á þeirri forsendu sem að framan greinir.

Fararstjóri verður Axel Bragason.

*Tilnefning tækninefndar karla um keppendur og þjálfara á mótið er samþykkt með vísan til rökstuðnings nefndarinnar.*

*Um afgreiðslu máls þessa vísast til verkferla. Framkvæmdastjóra falin afgreiðsla málsins samkvæmt verkferlum.*

Formaður Þorgerður Laufey Diðriksdóttir víkur af fundi.

Arnar Ólafsson tók fundarstjórn.

Stjórn hefur borist tilnefning frá tækninefnda karla í áhaldafimleikum vegna Norðurlandamót seniora karla sem halda í Greve í Danmörku daganna 21-22 apríl nk.

*Samþykkt er tilnefning tækninefndar karla sem er svohljóðandi:*

Keppendur: Róbert Kristmannsson, Sigurður Andrés Sigurðarson, Hróbjartur Pálmar Hilmarsson, Pálmi Rafn Steindórsson og Valgarð Reinhardsson.

Til vara: Garðar Egill Guðmundsson.

Samþykkt er að þjálfarar verði Gennadiy Zadorozhniy

Dómarar: Daði Snær Pálsson, Björn M. Tómasson og Anton Heiðar Þórólfsson

*Tilnefning tækninefndar karla um keppendur og þjálfara á mótið er samþykkt.*

Um afgreiðslu máls þessa vísast til verkferla. Framkvæmdastjóra falin afgreiðsla málsins samkvæmt verkferlum.

## **5. Starfsvið nefndar um fimleika fyrir alla og tækninefndar í almennum fimleikum**

Formaður tekur aftur sæti á fundinum.

Eins og lög FSÍ sem samþykkt voru á fimleikabingi 2012 er búið að sameina nefnd um fimleika fyrir alla og nefnd um almennafimleika. Mikilvægt er því að endurskoða starfssvið nefndanna og laga reglugerðir FSÍ að nýjum lögum FSÍ.

Í 3 gr og 4 gr reglugerðar FSÍ kemur fram að „Nefnd í fimleikum fyrir alla skal vera vettvangur umræðna til framþróunar í almennum fimleikum og stuðla að starfsemi í almennum fimleikum fyrir börn, unglinga, fullorðna og eldri borgara.“ Starfssvið nefndar um fimleika er;

1. Að stuðla að þróun sýningarfimleika og vera ráðgefandi um þá.
2. Að sjá um undirbúning og framkvæmd vegna þátttöku í Gymnastrada, Eurogym, "Golden Age" og öðrum viðburðum sem tengjast sýningum og leggja fram tillögur til stjórnar þar um.
3. Að sjá um framkvæmd fimleikasýninga á vegum FSÍ í samvinnu við stjórn.
4. Telji FFA að eðli eða umfang verkefna sé þess eðlis að þörf sé á undirnefnd, ber að hafa samráð við stjórn um verkefnalýsingu og skipan slíkrar nefndar

Starfssvið tækninefndar í almennum fimleikum er:

1. Að taka ákvarðanir um innihald móta FSÍ og tilkynna það stjórn eigi síðar en 1. júní ár hvert.
2. Að leggja fyrir stjórn drög að keppnisformi almenna fimleikastigans og innihaldi móta ár fram í tímann.
3. Að undirbúa mót FSÍ hvað viðkemur tæknilegri framkvæmd í samstarfi við mótshaldara.

Lagt fram samþykkt frá 1. fundi sameiginlegrar nefndar fimleikar fyrir alla/almennir fimleikar. Þar sem fram kemur eindregin andstæða við að sameina þessar nefndir og tillaga um að tækninefnd um almenna fimleika fái að starfa í óbreyttri mynd þrátt fyrir nýsamþykkt lög FSÍ. Samhliða því er lögð fram tillaga um að tækninefnd í almennum fimleikum verði undirnefnd undir tækninefnd í hóp fimleikum, vegna skyldleika verkefna.

### **Málið rætt**

Samþykkt: Stjórn FSÍ getur ekki farið geng nýsamþykktum lögum FSÍ sem samþykkt voru á fimleikabingi 2012 þar sem tækninefnd í almennum fimleikum og nefnd um fimleika fyrir alla var sameinuð. Hins vegar sér stjórn ekki neina meinbugi á því að Tækninefnd í hóp fimleikum (THF) taki yfir mótahald sem áður var á vegum tækninefndar í almennum fimleikum og stofnuð verði undirnefnd á vegum THF sem fjalli sérstaklega um mótahalda keppenda sem ekki keppa í Teaym Gym eða landsreglum hóp fimleika. Nefnd um fimleika fyrir alla (FFA) hugi sérstaklega að þeim félagsmönnum Fimleikasambands Íslands sem ekki taka þátt í keppni á vegum FSÍ.

## **6. Golden Age; sem haldið verður daganna 17.-23-nóvember 2012 á Ítalía**

Stjórn hefur borist tilnefning frá FFA vegna Golden Age sem haldið verður daganna 17-23 nóvember nk. á Ítalíu og tillögu þess efnis að kostnaður við farastjóra á Golden Age greiðist af innkomu móta og keppnisgjalda 2011 fyrir FFA.

*Samþykkt er tilnefning FFA sem er svohljóðandi:*

Fararstjóri: Birna Björnsdóttir

Tilnefning FFA á sýninguna er samþykkt með vísan til rökstuðnings nefndarinnar.

Um afgreiðslu máls þessa vísast til verkferla. Framkvæmdastjóra falin afgreiðsla málsins samkvæmt verkferlum.

## **7. Eurogym sem halda á daganna 14-20 júlí í Coimbra Portúgal**

Stjórn hefur borist tilnefning frá FFA vegna Eurogym sem haldið verður í Coimbra daganna 14-20 júlí og tillögu þess efnis að kostnaður við farastjóra á Eurogym greiðist af óafturkræfu staðfestingargjaldi.

*Samþykkt er tilnefning FFA sem er svohljóðandi*

Fararstjóri: Guðrún Tryggvadóttir

Tilnefning FFA á Eurogym er samþykkt með vísan til rökstuðnings nefndarinnar.

## **8. Fulltrúar í fastanefndum FSÍ og verkefnaskipting fyrir starfsárið 2012-2013.**

Tækninefnd kvenna í áhaldafimleikum (TKV)

- Formaður Hildur Ketilsdóttir
- Varaformaður Sandra Matthíasdóttir
- Ritari Halla Kari Hjaltested
- Meðstjórnendur

Tækninefnd karla í áhaldafimleikum (TK)

- Formaður kosinn á þingi, Axel Bragason
- Varaformaður, Guðjón Guðmundsson
- Ritari, Sigurður Hrafn Pétursson
- Meðstjórnendur, Magnús Heimir Gunnarsson og Aðalgeir Sigurðsson

Tækninefnd í hópimleikum (TFH)

- Formaður kosinn á þingi, Íris Svavarsdóttir
- Varaformaður, Olga Bjarnadóttir
- Ritari Auður Inga Þorsteinsdóttir
- Meðstjórnendur Niclaes Jerkeholt og Zoltah BELan

Fimleikar fyrir alla/almennir fimleikar

- Formaður kosinn á þingi, Hlíf Þorgeirsdóttir

- Varaformaður
- Ritari
- meðstjórnendur

## **9. Landsliðsþjálfarar í hópfimleikum fyrir Evrópumót sem halda á Danmörku dagana 23-28 október nk.**

Verkefnastjóri í hópfimleikum lagði fram minnisblað um stöðu landsliðsverkefnis í hópfimleikum. Fram kom að búið er að ráða landsliðsþjálfara til verksins. Auglýst var eftir 6 þjálfurum og 8 sóttu um. Gleðilegt er að sjá að landsliðsverkefni í hópfimleikum sem er nýtt verkefni á vegum FSÍ hljóti slíkan hljómgrunn og vekji athygli á meðal okkar fremstu og bestu þjálfara í hópfimleikum. Það er von okkar að landsliðsverkefni í hópfimleikum geri fimleikaíþróttina að sameiginlegu verkefni okkar til að auka veg og virðingu íþróttarinnar innan lands og utan.

Stúlknaðið: Niclaes Jerkeholt, Hrafnhildur María Gunnarsdóttir og Stella Rósenkranz

Blandað lið unglunga: Olga Bjarnadóttir, Sigrún Ýr Magnúsdóttir og Yrsa Ívarsdóttir

Blandað lið fullorðinna: Birgir Björnsson og Alice Flodin

## **10. Boð FIG til FSÍ um að senda Björn Magnús Tómasson, dómara, á Ólympíuleika í áhaldafimleikum sem halda á dagana 22. júlí til 8 ágúst 2012.**

Stjórn FSÍ hefur borist bréf frá FIG, dags. 25. mars sl, þar sem FSÍ er tilkynnt um að FIG hafi útnefnt Björn Magnússon sem dómara á Ólympíuleika í London dagana 22. júlí til 8 ágúst 2012

Óskað er eftir að stjórn FSÍ staðfesti þátttöku Björns að því gefnu að hann sé tilbúin til að taka að sér starfið. Fyrir liggur samþykki Björns og er framkvæmdastjóra falið að tilkynna FIG um að FSÍ samþykki að þiggja boð FIG.

Bókun: Stjórn þakkar FIG gott boð. Boð FIG gerir það að verkum að dýrmæt dómara-reynsla mun skila sér til hreyfingarinnar. Boð FIG er mikill heiður fyrir fimleikahreyfinguna á Íslandi og viðkomandi dómara. Stjórn óskar Birni velfarnar í störfum.

Fundi slitið 20:15